



Alþingi  
Erindi nr. P 139/576  
komudagur 1. 12. 2010

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b.t. viðskiptanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 30. nóvember 2010

1011010SA GB  
Málalykill: 401

### Efni: Umsögn um frv. um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 219. mál

Vísað er til erindis frá viðskiptanefnd Alþingis, dags. 25. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga um ofangreint mál.

Sambandið tekur undir þær athugasemdir sem fram koma í kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins við frumvarpið, þar sem m.a. er gagnrýnt að sú tekjuaukning fyrir Fjármálaeftirlitið, sem felst í frumvarpinu, hafi áhrif á þann heildarramma sem markaður hefur verið varðandi útgjöld hins opinbera á næsta ári. Í stað tæplega 92 milljóna króna hagræðingarkröfu á FME er gert ráð fyrir því að fjárheimildir stofnunarinnar, verði frumvarp þetta að lögum, verði 305,5 milljónir króna umfram það sem tilgreint er í frumvarpi til fjárlaga, sem er 30% tekjuauki. Þyrfti þá að gera ráðstafanir til að koma við hagræðingu eða samdrætti í útgjöldum annarra verkefna hjá ríkinu til að aðhaldsmarkmið og útgjaldarammi fjárlagafrumvarpsins haldi.

Sambandið vísar jafnframt til umsagnar Lánasjóðs sveitarfélaga um frumvarpið, þar sem fram kemur að frumvarpið feli í sér 256% raunhækkun eftirlitsgjalds af hálfu FME frá árinu 2009, eða úr 4,4 milljónum króna í 17 milljónir króna árið 2011. Er því harðlega mótmælt í umsögninni að það standist skoðun að lánasjóðurinn, þar sem starfa þrír starfsmenn í fullu starfi og lánar eingöngu til sveitarfélaga og stofnana og fyrirtækja í þeirra eigu, eigi að standa undir kostnaði við nærri tvö stöðugildi hjá FME.

Í þessu sambandi telur sambandið rétt að áréttu þá meginreglu, sem bæði ríki og sveitarfélögum ber að fara eftir í sinni starfsemi, að eftirlitsgjöld eiga aðeins að standa undir raunkostnaði við eftirlitið. Sambandið telur því mikilvægt að viðskiptanefnd kalli eftir upplýsingum frá FME um það hver er raunkostnaður stofnunarinnar við eftirlit með Lánasjóði sveitarfélaga og að tryggt verði að gjaldtaka stofnunarinnar samkvæmt lögnum verði ekki umfram þann kostnað.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri